

Hátíð í vændum

Kristófer Tómasson sveitastjóri

Hátíð frelsarans er framundan enn á ný og eitt ár enn hverfur senn í aldanna skaut. Þetta verða jól númer 7 hjá undirrituðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þessi ár hef ég staðið vaktina af fullum heilindum, talað máli sveitarfélagsins í hvívetna. Ég held að ég ætti erfitt með að finna starf sem félli eins vel að mínu áhugasviði. Maður er ávallt með það í huga að gera betur í dag en í gær. Mín verk eru ekki fullkomin frekar en almennt gildir um mannanna verk. Eins og kunnugt er fór það svo að síðastliðið sumar var mér boðið að vera hér áfram næstu fjögur árin og ég er afskaplega ánægður með það.

Fegurð

Starfa minna vegna fór ég nýlega inn í Þjórárdal og inn fyrir Búrfell. Veðrið var uppá sitt allra fegursta. Þetta var upplifun af besta tagi. Ætli það heiti ekki núvitund, það fyrirbæri ku vera mjög í tísku um þessar mundir. Svona stundir minna mann á hvað sveitarfélagið er fallett. Að undanförun hef ég gefið mér tíma til að keyra um nokkra vegi, suma fáfarna, víðsvegar um sveitarfélagið. Þar blasir víða við fegurð.



Má ég til með í leiðinni að lýsa ánægju minni með almennt góða umgengi á bæjum og heimilum í sveitarfélaginu. Viða er hún til mikillar fyrirmyndar.



Fjármál

Sveitarstjórn hefur samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019. Það er gert fyrir vel viðunandi afkomu eða um 67,4 milljónir. Framkvæmt verður fyrir um 104 milljónir. Reksturinn hefur gengið ágætlega á árinu. Mikið hefur verið fjárfest og framkvæmt. Skuldsetning sveitarfélagsins er mjög lítil og er það vel í stakk búið til halda áfram uppi góðu þjónustustigi. Innviðirnir eru góðir. Meðal breytinga sem

samþykktar hafa verið vegna ársins framundan og koma íbúum til góða, er lækkan á álagningarhlutfalli íbúðarhúsnæðis úr 0,5 í 0,4%. Tekjuviðmið aldraðra og einstaklinga með 75–100 % örorku til afsláttar á fasteignagjöldum hækka umtalsvert. Íþrótt- og tómstundastyrkur hækkar úr 60.000 í 75.000 kr.

Virðing og traust

Andinn er góður í sveitarstjórn, og upplifi ég góðan starfsanda í öllum deildum sveitarfélagsins. Virðing og traust skipa stórt hlutverk í líf hverrar manneskju. Að geta treyst því fólki sem stendur manni næst í daglegum störfum, er mjög dýrmætt, það ber að lofa. Maður hugsar meira um það á tímum sem þessum, þar sem harkalegur hvellur gengur yfir þjóðfélagið. Stór orð hafa fallið og áhrifin koma víða fram.

Ég á mér þá von að lendingin eftir þessi læti verði sem skikkanlegust.

Ég óska íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og öðrum er lesa þessar línur, ánægjulegrar jólahátíðar og áramóta. Hafið þökk fyrir góðar stundir á árinu sem er að líða.

Tilvalið í jólapakkann



Vörur úr minkaskinni og roði.

Skartgripir, treflar, húfur, eyrnabönd, handstúkur, sjól, púðar o.fl.



Eitthvað handa öllum.
Mikið úrval nýrra vara.

Skin og skart Ásaskóla

Sími 4866047-8986047

ÁRBORG
www.arnes.is

Sími
486 6006



Opnunartími:
Mánudaga til laugardaga 9-19
Sunnudaga 10-19



Óskum viðskiptavinum okkar
og öllum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Heilsugæslustöðin Laugarási

Sími: 432 2770 Fax: 432 2771

Opið virka daga kl. 8-16
Símatímar lækna kl. 9-9:30 & 13-13:30

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9.
Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi.
Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700.

Skóla-og velferðarþjónusta Árnesþings.
María Kristjánsdóttir forstöðumaður maria@hveragerdi.is
Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180



Í NEYÐARTILVIKUM
HRINGIÐ Í 112



FJARSKIPTAFÉLAG SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS

[ljós@skeidgnup.is](mailto:ljos@skeidgnup.is)
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736

LESTRARFÉLAG SKEIÐA-
& GNÚPVERJAHREPPS
BÓKAHÚSINU BRAUTARHOLTI
OPIÐ
FIMMTUDAGA 20-22
SÍMI: 486-5505
BOKASAFN@SKEIDGNUP.IS



Frettabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili
og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 350 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er
föstudaginn 11. jan.

Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12
Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitastjóri: Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir
486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari, vefumsjón & öryggisvörður:
Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús
Ari Einarsson,
893-4426 ari@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt
486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli
Sími 486-6000
Skólastjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Á bak við eldavélina

Ég þakka svínabóndanum í Korngrís Laxárdal áskorunina og sennilega er ekkert meira viðeigandi en að senda inn uppskrift sem að vill til að er af uppáhaldsrétti og er í senn Jólalegur og ákaflega góður en það er rifjasteik eða flesksteik með stökkri pöru. Hana má laga hvort sem er úr grísahrygg eða grísasiðu. Einnig má nota sömu uppskrift. **Að sjálfsögðu notum við kjöt frá KORNGRÍS.** Besti hlutinn finnst mér alltaf síðubiti sem er næst hryggnum.

Einnig er hægt að nota grísaskanka (ódyrir) en þá þarf að sjóða þá í léttisöltu vatni í 1 klst áður en þeir eru kryddaðir og settir í ofninn.

Purusteik
Svínasiða reiknið með 300-350gr af kjöti á mann með beini. Eldunarleiðbiningar miðast við c.a. 2.5 kg stykki. Gróft salt, pipar, heill negull ca 15 stk, 5 lárviðarlauf. Skerið "raufar" í puruna inni fitulagið inn að kjöti. (alls ekki í kjötið)

Setjið vatn í ofnskúffu og setjið puruna niður í vatnið (á hvolf) saltið aðeins og piprið. Stingið kjötinu inn í 180-200°C heitan ofn og eldið svona í c.a 30-40 mín.

Takið kjötið úr ofninum og hellið

vatninu af. Búið til litla púða úr álpappír, takið kjötið af bakknum, setjið álpappírinn á ofnskúffuna og kjötið síðan ofan á álpappírinn með puruna upp og reynið að glenna puruna. Takið næst haug af grófu salti og makið í puruna og nuddið inn á milli raufanna ásamt smá af pipar og setjið síðan aftur inn í ofninn á c.a. 220°C í c.a. 30-40 mín. Ef puran er ekki orðin stökk þá, setjið þá endilega yfirhitann á ofninum á þangað til hún poppar almennilega. Líka er gott að hafa lárviðarlauf og negulnagla til að krydda puruna með.

Góð karamella fyrir sykurbrunaðar kartöflur

300 gr sykurl
100 gr smjör
1 dl appelsínusafi

Setjið sykurlinn í pott og setjið á millihita. Hitið hann þar til hann fer að bráðna og setjið þá smjörið út í og látið bráðna með. Þegar þetta hefur brúnast og bráðnað, takið þá pottinn af hellunni og setjið djúsinn út í og hrærið saman og setjið aftur á helluna þar til þetta hefur alveg samlagast.

Ég skora á
Sigrúnu Símónardóttur á Heiðarbrún að
koma með gómsætan rétt í næsta blað.



Fréttir frá Þjórsárskóla



Hátíðardagskrá 15. nóvember

Dagskráin hófst með því að skólinn tók við grænfánanum í áttunda sinn. Síðan tók við dagskrá þar sem megináherslan var á fullveldisárið 1918 og þá atburði sem gerðust það árið. Inn í söguna voru tengdir atburðir sem áttu sér stað í sveitinni okkar og nemendur sungu Ísland ögrum skorið og Þjóðsönginn.

Dagkránni lauk með danssýningu nemenda skólans undir stjórn Silju Þorsteinsdóttur sem markar lok á danskennslunni þetta haustið.

Vistheimt

5.-7. bekkur tekur þátt í vistheimt verkefni í samstarfi við Landgræðsluna og Landvernd. Um er að ræða langtímaverkefni sem unnið er að yfir skólaárið. Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Rannveig Magnúsdóttir komu til okkar og við vigtuðum tvær ólíkar tegundir af te í pokum sem höfðu verið grafnir niður á Skaft-holtsfjalli vorið 2018. Verið var að skoða áhrif mismundi jarðvegs á rotnun. Þetta er hluti af stóru alþjóðlegu verkefni í umhverfismennt.



Fyrsti sunnudagur í aðventu

Þjórsárskóli tók þátt í aðventuhátíð í Árnesi fyrsta sunnudag í aðventu. Nemendur skólans léku helgileik og sungu lög sem tengjast jólnum fyrir fullan sal af gestum. Í framhaldi af því tók við dagskrá sóknarnefndar sem einnig bauð upp á hátíðarkaffi. Falleg stund sem markar byrjun á jólaundir-

búningi í sveitinni.

Jólaferð í skóginn

Við fórum í árlegu jólaferðina okkar í skóginn þann 5. desember. Við rákumst þar á Stekkjastaur sem hafði laumast fyrr til byggða og söng hann og dansaði með okkur í kringum jólatréð. Þá voru unnin verkefni á stöðvum um jólasveinana 13 og allir fengu lummur og heitt kakó.



Föstudaginn 7. desember var jólahúfudagur í Þjórsárskóla. Hér eru nokkrar myndir af jólasveinunum okkar.

Hátíðarkveðja frá starfsfólki Þjórsárskóla.



Leikskólinn Leikholt

Í Leikholti er alltaf mikið um að vera og nóvember var engin undantekning frá því.

Þann 16. nóvember ár hvert er íslenskur hátíðardagur tileinkaður íslenskrí tungu, sá dagur var valinn vegna þess að hann er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar skálds.



Leikholt hefur ávallt haldið upp á þennan dag með mismunandi hætti en ávallt með söng eða þulum á íslensku. Í ár buðum við eldri borgurum að hlutsta á börnin syngja nokkur vel valin lög. Þar sem salurinn okkar var ekki tilbúinn hittust við í Bókasafninu þar sem eldri borgararnir hittast alltaf. Það var góð mæting hjá eldri borgurum og þau voru glöð að hlusta á börnin syngja fyrir þau vel æfð lög undir stjórn Helgu Kolbeinsdóttur.



Jenný í Skarði las svo fyrir börnin tvær bækur börnunum til mikillar ánægju. Síðan buðu eldri borgarnir þeim safu og smákökur. Í lokin var eldri borgurum boðin skoðunarferð um leikskólann. Þetta var mjög ánægjuleg skemmtun þann daginn og þökk-



um við eldri borgurum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi kærlega fyrir móttökurnar þeirra og framlag til dags íslenskrar tungu.

Þann 23. nóvember var haldinn vasa-ljósadagur sem við höldum alltaf í lok nóvember þegar myrkrið er mikið og þá koma öll börn með vasaljós og við skoðum inni og úti möguleika vasaljóssins í myrkrinu og skuggana. Þetta er alltaf skemmtileg upplifun fyrir börn og fullorðna.



Núna í desember ætlum við í Leikholti að gera ýmislegt í tengslum við jólin. Baka og mála piparkökur, hafa jólasveinahúfudag, föndra, syngja jólalög og margt fleira skemmtilegt og jólalegt.

Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og munum að sýna hvort öðru góðvild á þessum jóladögum í desember.

Kveðja frá öllum í Leikholti.



Molar úr fundargerðum 10 (21. nóvember) & 11 (5. desember)

10

• Votlendissjóðurinn kynning. Bjarni Jónsson kynnti hlutverk sjóðsins. Verkefni sjóðsins er að minnka losun gróðurhúsategunda úr náttúru Íslands með endurheimt votlendis. Sjóðurinn er ekki rekinn í hagnaðarskyni. Samkvæmt tillögu ESB skal ná markmiðum um minnkun losunar um 40 % árið 2030. Fram til ársins 2040 er markmið að kolefnisjafna allt Ísland. Áskoranir Votlendissjóðs eru að fá landeigengur í verefnið með sér. Sveitarstjórn sýnir málinu áhuga og samþykkir að stefna að íbúafundi um endurheimt votlendis innan skamms.

• Aðalskipulag. Umfjöllun- Samþykkt til auglýsingar. Lögð fram lýsing, forsendur og skipulagsupprættir að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: Sveitarstjórn samþykkir fyrirleggjandi tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 ásamt umhverfisskýrslu. Tillaga að nýju aðalskipulagi verði send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga og síðan verði hún auglýst skv. 31. gr. sömu laga. Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum, Björgvin Skafti, Einar, Ingvar og Matthías samþykktu.

o Anna Sigríður lagði fram eftirgreinda bókun : Ég samþykki að tillaga að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 verði send til auglýsingar með þeim fyrirvara að ég tel að ekki eigi að virkja vatnsföll frekar í sveitarfélaginu á því tímabili sem skipulagið nær yfir. Varðandi fyrirhugaða Hvammsvirkjun, komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að virkjunin hefði neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu og verulega neikvæð áhrif á landslag. Ég tek undir niðurstöðu Skipulagsstofnunar og tel að umrætt svæði ætti að vera verndað fyrir slíkum áformum. Ég geri mér hins vegar grein fyrir að sveitarfélaginu er skylt að birta niðurstöður rammaáætlunar, áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, inni á skipulagi en verð jafnframt að lýsa þessari afstöðu minni til þessara áforma.

- Tilboð í veiðirétt í Fossá árin 2019-2022:
- Fish partner ehf, Heildarfjárhæð : 8.520.000 kr
- Jóhann Birgisson & Helgi Guðbrandsson, heildarfjárhæð : 8.520.000 kr.
- Flyingfish in Iceland -Guðm Ásgeirsson, heildarfjárhæð : 10.205.000 kr.

• Sveitarstjórn samþykkir að ganga til

samninga við Flying fish in Iceland.

• Íþrótt- og tómstundastyrkur 2019. Sveitarstjórn samþykkir að íþrótt- og tómstundastyrkur árið 2019 verði kr 75.000 á einstakling. Ekki verða gerðar breytingar á skilyrðum fyrir styrkveitingu. Tekið verður tillit til hækkunar í fjárhagsáætlun 2019.

• Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útsvarshlutfall ársins 2019 verði 14.48 %.

• Ástand Skeiðalag. Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði úttekt verkfræðings á ástandi Skeiðalagar. Kostnaður ca 500-700 þkr.

o Fundargerðir :

• Skipulagsnefnd. 166. fundur.

• Mál nr. 18. Kílhraunsvegur 1. L225907; Breytt notkun lóðar; Aðalskipulagsbreyting- 1811013. Sótt um óverulega breytingu sem felur í sér skv uppdætti og greinargerð að landnotkun verði breytt úr frístundasvæði í íbúðasvæði. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu málsins og leggur til að óskað verði eftir nánari upplýsingum um málið.

• Mál nr. 19. Áhræun lóð 3 L213871 og 3A L216918; Byggingamagn á lóð ; Fyrirspurn -1811012. Lögð fram fyrirspurn um hvað megi byggja á ofangreindum spildum. Skipulagsnefnd fól skipulagsfulltrúa að upplýsa fyrirspyrjendur um hvaða kostir séu í boði.

• Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar

• Fundargerð 56. fundar. bs. Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita. Í fundargerðinni er lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Umhverfis – og tæknisvið 2019. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.

11

• Gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2019. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrá sveitarfélagsins fyrir árið 2019.

o Vatnsgjald: Gjaldskrá vatnsveitu fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði verður óbreytt frá þeirri gjaldskrá sem í gildi hefur verið frá árinu 2012.

o Vatnsgjald, er 0,20% af fasteignamati íbúðarhúsa, lóða og atvinnuhúsnæðis. Þó að hámarki 35 þúsund krónur. Vatnsgjald sumarhúsa er 28.000 kr.

Seyrulosunargjald: Árlegt gjald fyrir

losun á seyru samkvæmt samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun fráveitu-vatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru verður 10.500.-kr á rotþró.

Fráveitugjald: Þar sem holræsakerfi er til staðar á vegum sveitarfélagsins er innheimt holræsagjald, nemur gjaldið 0,25% af fasteignamati.

Lóðaleigugjöld: Lóðaleigugjöld innheimtast eftir lóðaleigusamningum.

Gjaldskrá mótuneytis: Hádegisverður til nemenda Þjósarskóla 330 kr Hádegisverður til nemenda Leikhólts 270kr. Gjald fyrir hádegisverð til starfsmanna nemi hræfnisverði máltíða.

Gjaldskrá Þjósarskóla : Morgunhressing kr. 83.- Skólavistun klst. kr. 326 Aukavistun klst. kr.400.- Náðarkorter 15 mín. 600 kr.

Gjaldskrá leikskólans Leikhólts: Vistun á kjarnatíma, frá kl 08:00-16:00 er gjaldfrjáls. Stök morgunhressing kr. 83.- Stök síðdegishressing kr. 93.- Gjald fyrir klukkustund utan kjarnatíma kr. 2.528. fyrir 30 mínútur kr. 1.264. Gjald fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur kr. 632.-

Gjaldskrá gatnagerðargjalda verði óbreytt frá árinu 2018

Félagsheimilið Árnes gjaldskrá 2019

o Flísasalur - eldhús - forstofa Ferming / dagveisla 50.000,- 1 1/2 dagur. Kvöldveisla/ afmæli / Brúðkaup 80.000,- 1 1/2 dagur. Eitt kvöld t.d. fundir m/aðgangi að eldhúsi. 15.000,- Allt að 100 manns

o Aðalsalur - eldhús - forstofa Ferming /dagveisla 80.000,- 1 1/2 dagur. Kvöldveisla / Afmæli / Brúðkaup 100.000,- 1 1/2 dagur Allt að 160 manns.

o Aðalsalur - eldhús - forstofa Eitt kvöld m/ uppröðun og eldhúsi 1/2 dagur 30.000,- (tónleikar, stórir fundir)

o Mótuneytissalur - eldhús – „forstofa austan megin” Ferming/dagveisla 30.000,- 1 1/2 dagur. Kvöldveisla/ Afmæli / Brúðkaup 45.000,- Allt að 50 manns.

o Allir salir- eldhús - forstofa - svið = Allt húsið dagveisla 115.000,- 1 1/2 dagur. Kvöldveisla 130.000,- 1 1/2 dagur. Leyfi er fyrir 360 gestum.

o Önnur leiga stök klst. 3.500,- Önnur vikjandi leiga: 2500,- pr klst.

o Vikjandi leiga pr. kvöld: kr 5.000,-

söngæfingar - Íþróttæfingar.

Brautarholt gjaldskrá 2019

o Aðalsalur:
o Ferming /jarðarför /veisla 50.000,- 1 1/2 dagur
o Kvöldveisla afmæli /brúðkaup/ 65.000,- 1 1/2 dagur
o Föst vikjandi kvöldleiga allan veturinn 2.500,- klst Vikjandi leiga pr. kvöld: kr 5.000,- söngæfingar - Íþróttæfingar.

Grunnur gatnagerðargjalds er byggingarkostnaður á fermeter í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Í febrúar 2016 er byggingarkostnaður á fermetri í fjölbýlishúsi samkv ofangreindu 199.953 kr.

Gjaldflokkar eru þrír og skal viðeigandi hundradshluti af byggingakostnaði vísitöluhúss fjölbýlis lagður á hvern fermetri nýbyggingar.

o 3%
•Einbýlishús með bílageymslu
•Parhús með bílageymslum
•Raðhús með bílageymslum
•Fjölbýlishús með bílageymslum
o 2%
•Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði
• Iðnaðarhúsnæði
o1%
•Hesthús
•Útihús, gróðurhús og fleira tengt landsbúnaði

o Flatarmál bygginga skal reikna eftir ÍST 50. Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjöld.

o Fyrir lagnakjallara og glerskála með gagnsæju þaki greiðist gatnagerðargjald.

o Gjaldið breytist 1. dag hvers mánaðar samkvæmt breytingu í byggingakostnaði vísitöluhúss fjölbýlis.

o Lágmarksgjald

oVið ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds skal að jafnaði miðað við eftirfarandi stærðir:

• Einbýlishús með bílageymslu 160 m2 pr. íbúð.
• Parhús með bílageymslum 115 m2 pr. íbúð.
• Raðhús með bílageymslum 105 m2 pr. íbúð.

o Greiðsluskilmálar

o Innan þriggja mánaða frá undirskrift lóðarleigusamnings eða útgáfu bygg-

ingaleyfis skal greiða 25 % af álögðu gatnagerðargjaldi. Þegar lokið er lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu skal greiða 75 % gjaldsins.

o Gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

o 1.gr. Innheimta sorphirðu og sorpeyðingu

o Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, og nr. 149/2004 um hirðu og meðhöndlun seyru. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr. Sorphirðugjald.

- a) 240 lítra tunna 29.400,- kr.
- b) 660 lítra tunna 41.475,- kr.
- c) 1.100 lítra tunna 47.250,- kr.

3. gr. Sorpeyðingargjald. A

Íbúðir 16.800 kr.

Sumarhús 14.700 kr.

Grá tunna 660 l 57.750 kr.

Grá tunna 1100 l 97.650 kr.

Almennt sorph 1/2 m3 3.000 kr

Flokkað sorph gjaldskýlt 1/2 m3 2.000 kr

4.gr. Gjald fyrir dýrahæ. Lagt á aðila með búrekstur:

Gjaldflokkur 1 (mikil notkun)

120.000 kr

Gjaldflokkur 2 80.000 kr.

Aðilar í búrekstri undir 5.000.000 kr ársvertu geta sótt um 40% afslátt af gjaldi fyrir dýrahæ. Fyrirtæki greiða ekki sérstakt sorphirðugjald heldur greiða fyrir sorph samkvæmt gjaldskrá. Gámasvæðin taka við flokkuðum úrgangi frá fyrirtækjum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Gámasvæðin taka við Almennu sorpi, grófum úrgangi, dýrahæjum, málum brotajárni og lituðu timbri. Á svæðinu er jafnframt tekið á móti spilliefnum, raftækjum og öðru sem telst til sorps frá heimilum og fyrirtækjum.

5. gr. Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 10.500 kr.

• Ofangreindar gjaldskrár samþykktar samhliða. Gerður er fyrirvari um skilgreiningu gjaldflokka vegna gjalds fyrir dýrahæ.

Álagningahlutfall fasteignagjalda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2019.

A-flokkur.

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,40% af heildarfasteignamati. Lækkun úr 0,50 %.

B-flokkur.

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1.32 % af heildar fasteignamati.

C-flokkur.

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðru eins og þær eru skilgreindar í 3. Gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

• Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7 febrúar 2006.

• Samkvæmt 3. grein þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75 % öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum, tekjuviðmið er í lið 7. Afsláttur á fasteignagjöldum tekur mið af tekjum. Vísast til sérstakrar ákvörðunar þar um.

• Gjald dagar fasteignaskatts verða alls níu. Mánaðarlega frá febrúar til október. Ofangreint framlagt álagningarhlutfall fasteignagjalda samþykkt samhliða.

Tekjuviðmið afslátta fasteignagjalda 2019.					
Tekjur einstaklinga			Afsláttur		
Frá	-	kr til	3,390,000	kr	100%
Frá	3,390,001	kr til	3,958,000	kr	75%
Frá	3,958,001	kr til	4,520,000	kr	50%
Frá	4,520,001	kr til	5,087,000	kr	25%
Frá	5,087,001	kr til	og hærrí	enginn afsláttur	
Tekjur hjóna					
Frá		kr til	5,098,000	kr	100%
Frá	5,098,001	kr til	5,867,000	kr	75%
Frá	5,867,001	kr til	6,644,000	kr	50%
Frá	6,644,001	kr til	7,418,000	kr	25%
Frá	7,418,001	kr til	-	enginn afsláttur	

Tekjuviðmið samþykkt samhliða.

• Fjárhagsáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2019-2022 seinni umræða. Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlunina til seinni umræðu. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur nemi 321,7 mkr.

- o Fasteignaskattar 262,4 mkr
- o Tekjur frá Jöfnunarsjóði 55,5 mkr
- o Rekstrargjöld samstæðu 659,1 mkr
- o Þar af afskriftir 31,2 mkr
- o Rekstrarniðurst. A-hluta tekjur umfram gjöld 71,1 mkr
- o Rekstrarniðurstæða. samstæðu A og B-hluta tekjur umfram gjöld 67,4 mkr
- o Handbært fé frá rekstri samstæðu 101,1 mkr.
- o Næsta árs afborganir langtímalána 6,8 mkr.

o Samhliða Fjárhagsáætlun var lögð fram fjárfestingaáætlun fyrir árið 2019. Fjárfestingar á árinu eru áætlaðar fyrir 94,6 mkr. Lókið verður við gatnagerð í Brautarholts og Árneshverfum ætlað

er til þess þurfi 34 mkr að frádregnum áætluðum gatnagerðargjöldum.

o Fjárhagsáætlun 2020-2022. Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun 2020-2022. Skatttekjur eru áætlaðar þær sömu hvert ár og árið 2019, Framlög úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru áætlaðar þær sömu árin 2020-2022 og árið 2019. Ef ekki kemur til lækkunar útsvars hutfalls er áætlað að rekstrarniðurstæða samstæðu eftir fjármagnsliði verði 66.431 þkr árið 2020, 66.712 þkr árið 2021 og 68.645 þkr árið 2022 Ekki er tekið tillit til verðlagsbreytinga. Áætlað er að heildarvirði eigna vaxi og muni nema 1.223 þkr í lok árs 2022. Útlit er fyrir að handbært fé hækki frá ári til árs og nemi 214.752 þkr í lok árs 2022. Miklar umræður urðu um fjárhagsáætlunina. Fjárhagsáætlun 2019 og fjárhagsáætlun 2020 til 2022 samþykkt samhliða.

• Fjárhagsáætlun 2018. Viðaukar. Sveitarstjóri lagði fram viðauka vegna hækkunar sameiginlegs kostnaðar við Brunavarnir Árnessýslu 1.510.000 kr. Kostnaði mætt með lækkun á handbæru fé. Viðauki samþykktur samhliða.

• Friðlýsingaráform í Þjórsárdal. Haldinn var samráðsfundur um áformin 21. nóvember sl. Fundargerð lögð fram og kynnt auk þess kynnt kort með mögulegum útlínum friðlýsingarsvæðisins. Samningur um veiðirétt í Fossá 2019-2022. Lögð fram drög að samningi um veiðirétt í Fossá við Flying Fish Iceland ehf (Laugardalsá ehf. Kt. 651113-0750) um veiðirétt. Samningstímabil árin 2019 -2022 að báðum árum meðtöldum. Samningsdrög samþykkt samhliða og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins. Að samningnum kemur Skógræktin auk sveitarfélagsins.

• Rekstur Skeiðalaugar. Möguleikar á rekstrarformi. Samþykkt að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir rekstraradila að Skeiðalaug til árin 2019 og 2020.

• Fundargerð Skipulagsnefndar. Nr. 167. Mál nr. 17,18,19,20 og 21 þarfnast afgreiðslu.

o 17. Brautarholt á Skeiðum; Gerð húsa á nokkrum lóðum breytt; Deiliskipulagsbreyting – 1811030

o Guðbjörg Guðmundsdóttir f.h.

Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggur fram tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarhúsalóða í Brautarholti. Breytingin nær til eftirfarandi:

- 1) Lóðunum Holtabraut 21 og 23 breytast í raðhúsalóðir og þær minnkast.
- 2) Lóðin Holtabraut 18 – 20 er stækkuð um c.a. 2m til vesturs og byggingareitur stækkaður.
- 3) Lóðin Vallarbraut 11 er stækkuð um c.a. 4m til vesturs og breytt í raðhúsalóð.
- 4) Gönguleið á milli Holtabrautar 20 og Vallabrautar 9, breytist lítillaga við stækkun lóðarinnar Holtabrautar 20.
- 5) Veglína Vallarbrautar til suðurs (vegur að hreinsivirki) breytist lítillaga við stækkun lóðarinnar Vallarbrautar 11.
- 6) Byggingarreitur á Malarbraut 2 er lengdur um 0,6m til austurs.

o Skipulagsnefnd telur að um verulega breytingu á deiliskipulagi sé að ræða og mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki tillöguna skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

o Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samkv. 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir jafnframt að hún verði auglýst.

o 18. Húsatóftir 2 lóð 2 L222395; Húsatóftir 2a; Skipting lands og breytt heiti lóðar – 1811051

o María Bjarnadóttir Eflu, f.h. Gylfa Guðmundssonar leggur fram ósk um breytingu á heiti lóðarinnar Húsatóftir 2 lóð 2 L 222395 og verði Húsatóftir 2a.

Einnig er lagður fram uppdráttur sem sýnir uppskiptingu lóðarinnar í 4 jafnstórar 7508,4m2 lóðir. Óskað er eftir að lóðirnar fái heitið Húsatóftir 2a, Húsatóftir 2b. Húsatóftir 2c og Húsatóftir 2d.

o Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins

o Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar

o 19. Mið- og Árhraunsvegur L225283 (Árhraunsvegur 17); Breytt notkun svæðis; Fyrirspurn – 1811023

o Haukur Friðriksson f.h. Ósar ehf. leggur fram fyrirspurn til skipulagsnefndar UTU þess efnis að fá heimild til að gera breytingu á gildandi deiliskipulagsskilmálum fyrir lóðirnar Árhraunsvegur 13, 15, 17 og Miðhraunsvegur 2, á þá leið að heimilt verði á byggja geymslu, svefnhús eða gróðurhús allt að 50m2 í stað 25 sem

tilgreindir eru í gildandi deiliskipulaga svæðisins.

Einnig leggur hann fram fyrirspurn um hvort heimilt verði að breyta lóðinni Árhraunsvegur 17 ásamt aðliggjandi landi 17,06 ha í lögbýli. Fyrirhuguð starfsemi á landinu er skógrækt en nú þegar er búið að planta um 30 þúsund trjám í landið. Inni í landinu stæðu áfram lóðirnar Árhraunsvegur 13 og 15 og Miðhraunsvegur 2, sem frístundalóðir.

(lóðirnar Árhraunsvegur 15 og Miðhraunsvegur 2 hafa ekki verið stofnaðar í Þjóðskrá Íslands) Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að heimilt verði að breyta lóðinni með í lögbýli.

• 20. Hjálparfoss salernishús L226798; Vatnslagnir; Endurnýjun framkvæmdaleyfis – 1811057

• Hreinn Óskarsson f.h. Skógræktarinnar leggur fram umsókn um endurnýjun á framkvæmdaleyfi vegna lagningu kaldvatnslagnar fyrir salernishús við Hjálparfoss í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Verkefnið hefur tafist og því rann fyrra framkvæmdaleyfi úr gildi. Lega lagna hefur breyst litillega frá fyrri tillögu. Nú er meiningin að fara með lögnina yfir Fossá ofan við Hjálparfoss og mun sú leið ekki hafa áhrif á fiskistofna í ánni

• Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi að nýju í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

• Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar

• 21. Flatir 17 L193908; Breytt aðkoma lóðar; Deiliskipulagsbreyting – 1811058

• Vigfús Þór Hróbjartsson f.h. flatir Cottage ehf leggur fram umsókn og tillögu dags. 27.11.2018, að breytingu á gildandi deiliskipulagi í landi Réttarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að felld er niður vegtenging úr suðri að Flötum lóð 17. Skilgreind er ný tenging að Flötum 17 um land Leitis L 166576. Þá er bætt við reit á land Leitis byggingarreit fyrir hesthús. Með breytingu þessari er felld úr gildi deiliskipulagsbreyting sem tók gildi í B-deild stjórnartíðinda 2.4.2013. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem er í ferli. Þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarland.

• Málinu frestað og skipulagsfulltrúa falið að óska eftir ítarlegri gögnum.

• Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is

Vakin er athygli á breyttum viðtalstíma oddvita

Oddviti er til viðtals á skrifstofu sveitarfélagsins alla miðvikudaga frá kl 13- 16:00. Á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Sími oddvita er 895-8432 & netfang oddviti@skeidgnup.is

Kvennasport á Flúðum

6 vikna námskeið í heilsurækt fyrir konur í Íþróttahúsinu á Flúðum hefst þann 8. janúar 2019.

Um 12 skipti er að ræða, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:15. Um alhliða æfingar er að ræða fyrir þær konur sem vilja auka styrk og liðleika.

Verð: 10.000

Stjórnandi: Anna Þórný Sigfúsdóttir

Nánari upplýsingar og skráning á netfangið anna.thorny@gmail.com



Jólaball

Kvenfélögin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi munu halda sitt árlega jólaball í Brautarholti laugardaginn 29. desember. Sr. Óskar H. Óskarsson mun heimsækja samkomuna, Jón Bjarnason heldur uppi stuðinu og jóla-sveinninn mun örugglega kíkja við með eitthvað í pokanum.

Kaffi og smákökur

Aðgangseyrir 1000 kr (fritt fyrir 16 ára og yngri)

Allir velkomnir kringum jólatréð

Nefndin

Orðsending frá sóknarnefndum

Sóknarnefndir minna á að greiða þarf fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er rafmagni 1000 krónur. Hægt er að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur:

0152-05-264429 kt. 491098-3339

Ólafsvellir:

0152-15-371512 kt. 490269-3399

Hruni:

0325-26-18952 kt. 640169-2229

Hrepphólar:

0325-26-9068 kt. 640169-3039

Frjálsíþróttamót á aðventu



Nokkrir krakkar frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi tóku þátt í Aðventumóti Ármanns í nafni Ungmennafélags Hrunamanna. Mótið var haldið þann 8. desember í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Hratt var hlaupið, langt stokkið og ennþá lengra kastað og stóðu krakkarnir sig auðvitað allir með þryði. Hér má sjá stolta þátttakendur, Loga Kaldalóns, Þórhildi Arnarsdóttur og Rebekku Georgsdóttur.

Jólaakveðja, Anna Þórný Sigfúsdóttir og Guðbjörg Viðarsdóttir þjálfarar

Hvernig getum við haldið umhverfisvæn jól?

Umhverfisvæn jól snúast meðal annars um að vera meðvitaður um áhrif neyslunnar og takmarka hana eins og hægt er. Það þýðir samt ekki að jólamaturinn þurfi að vera hafragrautur og að enginn fái jólagjafir, heldur einfaldlega að við ætlum að íhuga hvað skiptir okkur mestu máli og hvernig megi halda jól með sem bestum hætti fyrir umhverfið og okkur öll.

Enginn vill eyða löngum vinnustundum til að geta keypt jólagjafir sem engum nýtast og eru jafnvel gleymdar strax eftir hátíðina...eða hvað?

Gjafir sem ekki nýtast viðtakandanum eru sóun. Í stað þess að kaupa slíkar gjafir mætti gefa upplifanir, heimatilbúnar jólagjafir eða styrkja gott mál efni í nafni viðkomandi. Þetta eru oftast dýrmætustu gjafirnar og veita á

endanum mestu hamingjuna.

Jafnframt er mikilvæg að gera sér grein fyrir að allar vörur sem framleiddar eru hafa einhver áhrif. Kynnum okkur samfélagsaðstæður og umhverfisáhrif varanna í upprunalandi þeirra og reynum að skoða hver raunkostnaður hennar er ef lítið er til umhverfisþátta.

Matur spilar stórt hlutverk í upplifun margra af jólinum. Í október tókum við fyrir matarsóun en hún á mikinn þátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Hvort sem farið er á jólahlaðborð, staðið fyrir jólaboðum eða verslaði inn fyrir hátíðina ættum við ávallt að vera meðvituð um innkaupin, hafa skammtana hæfilega og nýta afganga. Það er allra hagur.

Sjá nánar á:

<https://umhverfissudurland.is/>



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802



Getraunanúmer Ungmennafélags Skeiðamanna
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar!

799

Landstólpi styður áfram körfuknattleiksdeild Hrunamanna með myndarlegum hætti



Arnar Bjarni Eiríksson framkvæmdarstjóri Landstólpi og Árni Þór Hilmarsson körfuknattleiksþjálfari handsala samninginn á dögnum íklæddir keppnistreyju Hrunamanna.

Landstólpi og körfuknattleiksdeild Hrunamanna hafa endurnýjað samning til tveggja ára. Hrunamenn munu áfram bera merki Landstólpa framan á keppnibúningum sínum en fyrirtækið styrkir deildina með myndarlegum hætti sem aðalstyrktaraðili deildar-

innar. Samningurinn er til tveggja ára, en fyrri samningur Landstólpa við deildina rann út í haust. Báðir aðilar eru spenntir fyrir áframhaldandi samstarfi enda ríkir mikil ánægja með samstarfið hingað til.

Jólabað í Skeiðalaug!

Skeiðalaug verður opin á aðfangadag kl. 11:00-15:00
Tilvalið tækifæri til að minnka biðraðir á baðherbergið heima fyrir.
Kaffi og djús ásamt piparkökum í boði hússins!

Frítt í sund!

Gleðileg jól, Umsjónarmaður.

Kæru viðskiptavinir og sveitungar

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin.

SELÁSBYGGINGAR ehf Reisum með reisu!

FLUGELDASALA

Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs

Opnunartímar:

29. des. 13:00–18:00

30. des. 13:00–18:00

31. des. 10:00 - 16:00



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Við björgunarsveitarhúsið í Árnesi

Tekið er bæði við debet og kreditkortum - Geymið auglýsinguna

ÁRBORG

www.arnes.is



Opnunartími um jól og áramót:

23. des: Þorláksmessa 10 - 15
24. des: Aðfangadagur 10 - 12
25. des: Jóladagur Lokað
26. des: 2. jóladagur Lokað
31. des: Gamlársdagur 10 - 12
1. jan: Nýársdagur Lokað

ÁRBORG verslun og veitingasala - Sími: 486-6006

Þorablót Gnúpverja 2019

verður haldið 25. janúar.
Takið daginn frá.

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga
(Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt
en innra byrðið fer í almennt sorp. Ekki er tekið við þessari vöru
óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkadur úrgangur frá heimilum
og fyrirtækjum. Blandaður óflokkadur úrgangur. Tímur málað og ómálað.
Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur
úrgangur. Raftæki. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast
(hrein). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar.
Hjólbarðar.

Umsjónarmaður: Jón F. Sigurðsson GSM: 893-7016

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur:

23:00 Guðsþjónusta í Hrunakirkju.
23.30 Helgistund í Stóra-Núpskirkju í umsjá
sr. Axels Njarðvík

25. desember - jóladagur:

11:00 Hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju
14:00 Hátíðarmessa í Hrepphóla kirkju
22:00 Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í
Ólafsvallakirkju

31. desember - gamlársdagur:

14:00 Guðsþjónusta í Tungufellskirkju
16:00 Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju

6. janúar - þrettándinn:

11:00 Nýármessa í Hrepphóla kirkju. Vígslu-
biskupinn í Skálholti, sr. Kristján Björnsson,
prédikar. Þjóðlegur hádegisverður á eftir.

Sjáumst í kirkju um hátíðarnar.
Guð gefi okkur góða adventu og gleðileg jól.
Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur



Æskulýðsstarf Smára og Loga

Æskulýðsnefndin hefur lagt drög að
starfsemi ársins. Hestamannafélögin
eru búin að sameina æskulýðsnefnd-
irnar. Hér á eftir er upptalning á því
helsta sem í boði verður en hver og
einn viðburður verður svo auglýstur
nánar á facebook síðum Smára, loga-
krakka, smákrakka og á heimasíðu
Smára.

Febrúar:

Fræðslu og skemmtikvöld

Feb-mars/apríl:

Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga í
reiðhöllinni á Flúðum

Mars:

Suðurlandsdeild æskunnar.
Keppt verður í barna, unglinga og
ungmennaflokk. Frekari upplýsingar
koma innan skamms.

Apríl:

Hestaskóli fyrir byrjendur á
Húsatóftum 2

Júní:

Reiðnámskeið í Hrísholti og
brokk og skokk

Júlí/ágúst:

Fjölskyldureiðtúr

Fræðslu og skemmtiferð um haustið



Ekki hika við að hafa samband ef
spurningar vakna og sjáumst sem flest
á viðburðum vetrarins.

Kveðja æskulýðsnefndin

NESLAUG

Sími: 486-6117



Miðvikudaga 17-22
Laugardaga: 13-18



SKEIÐALAUÐ

Sími: 486-5500



Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 18-22

Umsjónarmaður:

Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com